

Hjálpræðisherinn


FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 2020



Hannes Bjarnason, Birna Dís Vilbertsdóttir, Ingvi Kristinn Skjaldarson og Hjördis Kristinsdóttir, flokksleiðtogar í Reykjavík, fyrir framan nýtt hús Hjálpræðishersins í Mörkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tími kominn á stærri Herkastala

Þessa dagana er lokahönd lögð á nýtt húsnæði Hjálpræðishersins í Mörkinni. Sá fallegi 1.500 fermetra kastali er byggður utan um fjölbreytta starfsemi Hersins. Þar verða skrifstofur, kaffihús, samkomusalur, tómstundaherbergi, velferðarstofa, verslun og vitaskuld kirkjulegar athafnir. ➔2



Við óskum Hjálpræðishernum á Íslandi til hamingju með nýtt húsnæði og þökkum ánægjulegt samstarf



Nýja húsið er einstaklega fallegt en það er sérhannað fyrir hina fjölbreyttu starfsemi Hjálpræðishersins. Stefnt er að því að starfsemi hefjist í húsinu innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu ➔

Nýja húsnæðinu, sem stefnt er að því að opna í lok mánaðarins, verður nóg pláss. Þar eru tvær um það bil 50 m² tómstundastofur. Önnur er hugsuð fyrir léttu handavinnu og föndur, en hin er hugsuð fyrir yngri kynslóðina þar sem verða sófar, fótboltaspil, þythokki og önnur afþreying. Auk þess er þar samkomusalur sem má skipta í tvennt. Sem lítill rúmar salurinn 40 manns, en í fullri notkun komast 200 manns þar inn.

Salurinn er hugsaður fyrir kirkjulegar athafnir eins og samkomur á sunnudögum, giftingar, jarðarfarir og fermingar. Hann hentar einnig vel fyrir tónleikahald og hægt verður að leigja hann út fyrir veislur og ráðstefnur.

Hjördís Kristinsdóttir, ein fjögurra foringja í Reykjavíkureyðmi Hjálpræðishersins, segir að það hafi fyrir löngu verið tímabært að fá stærra húsnæði undir starfsemi Hjálpræðishersins.

„Nýja húsið er byggt sérstak-

Nýja húsið býður upp á aukna möguleika á fjölbreyttu starfi fyrir ýmiss konar hópa.

Hjördís Kristinsdóttir

lega utan um okkar starf. Húsnæðið sem við höfum verið í niðri í Mjódd er löngu sprungið. Þar er bara einn salur, sem er í raun mjög lítill fyrir allt það fólk sem hefur verið að koma til okkar,” segir hún.

Þegar komið er inn í húsið er gengið inn í kaffihús sem verður opið fyrir almenning. Hjördís segir þá hugmynd hafa komið upp að fólk geti borgað fyrir tvo á kaffihúsinu. Þetta verði kaffihús þar sem hægt sé að láta gott af sér leiða. Þannig þarf fólk með lítið á milli handanna ekki að borga,



en þau sem hafa efni á því geta borgað fyrir tvo ef þau vilja.

Á sömu hæð eru tómstundastofurnar og samkomusalurinn. Þegar komið er inn í enda hússins er komið inn í rými sem er kallað velferðarstofan. Þar er séringangur sem má nýta ef þess þarf.

„Þar tökum við á móti fólki sem sækir um mataraðstoð hjá okkur og þar er hægt að komast í sturtu og þvo af sér föt,” útskýrir Hjördís.

Hjördís segir að í velferðarstofunni sé einnig hægt að setjast niður og fá sér að borða ef fólk er ekki í ástandi, eða treystir sér ekki, til að vera á almennu kaffihúsi.

„Það er samt auðvitað val. Það eru allir velkomnir á kaffihúsið okkar,” tekur hún fram.

Á efri hæð hússins eru skrifstofur og fundarsalur, en í húsinu er einnig 400 fermetra verslunarrými, en Hjördís segir að ekki sé búið að ákveða endanlega hvers konar verslun verður þar.

Fjölbreytt starfsemi allt árið

Hjálpræðisherinn er á þremur stöðum á landinu. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi allan ársins hring. Öflugt velferðarstarf, barna- og unglingastarf, félagsstarf og kirkjustarf. Nýja húsið

í húsinu munu fara fram kirkjulegar athafnir auk fjölbreytts félagsstarfs og hjálparstarfs.



Verið er að leggja lokahönd á húsið að innan. Þar verður meðal annars kaffihús, samkomusalur, tómstundaherbergi og verslun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

býður upp á aukna möguleika á fjölbreyttu starfi fyrir ýmiss konar hópa.

„Við erum með spilakvöld þar sem fólk kemur saman að spila borðspil. Okkur langar að hafa „open mic“ á kaffihúsinu okkar á föstudagskvöldum og höfða þannig til unga fólksins, en við erum með edrú kaffihús þar sem ekki eru nein vímuefni í okkar húsnæði. Svo er hér velferðarstarf eins og opið hús þar sem fólk

getur komið að borða, mataraðstoð og fleira, en fólk af ýmsum þjóðernum sækir það starf. Einnig verðum við með jólaboðin okkar í salnum. Það komast allir fyrir þar og við þurfum því ekki lengur að finna annað húsnæði fyrir þau,” segir Hjördís.

„En við erum líka kirkja og þess vegna er líka almennt kirkjustarf í húsinu. Allt sem fólk þekkir úr venjulegum kirkjum er líka að finna í Hjálpræðishernum.“

Við óskum Hjálpræðishernum innilega til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði.

Takk fyrir ánægjulegt samstarf!

ETH
HÚSASMÍÐIR

Fjölskyldustarf á hærra plani

Barna- og unglingastarf Hjálpræðishersins, BUH, er fjölbreytt og öflugt. Auk hefðbundins æskulýðsstarfs er boðið upp á ýmsa þjónustu sem miðar að því að styðja við börn og fjölskyldur.

Undirstaðan í allri starfsemi og þjónustu Hersins felst í að breiða út kristilegan boðskap þar sem kærleikur og mannvirðing eru í hávegum höfð. Markmið starfsemi barna- og unglingastarfs Hjálpræðishersins er að mæta þeirri þörf sem er í samfélaginu hverju sinni.

Máltíðin mikilvæg

Meðal þess sem nú er boðið upp á er „Opíð hús“, þar sem börnum gefst kostur á að fá heita máltíð, og aðstoð við heimanám, þar sem létt er undan álagi á barnafjölskyldur og þeim gert kleift að njóta fleiri gæðastunda saman.

Opnu húsin eru ekki með sama sniði í Reykjavík og á Akureyri. Á Akureyri er það fyrir börn á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að koma til móts við fjölskyldur með börn sem eru á grunnskólaaldri og létta undir álaginu sem fylgir gjarnan hversdagslífinu og ekki síst hinum alræmda úlfatíma. Þar er boðið upp á heitan mat og gefst fjölskyldum því kostur á að eiga saman afslappaða gæðastund.

Í Reykjavík er opna húsið hugsað fyrir börn og unglinga, frá 4. bekk og upp úr. Þar er vel tekið á móti börnunum, skipulögð dagskrá með leikjum og ýmsu skemmtilegu auk þess sem allir sem það vilja fá svo heita máltíð.

Aðstoð við heimanám

Börnum og unglingum stendur þá til boða að fá aðstoð við heimanám í Hjálpræðishernum í Reykjavík og er sú þjónusta ætluð öllum börnum sama á hvaða námsstigi, og fer hún fram tvisvar í viku.

Mörg börn búa við aðstæður þar sem enginn heima getur aðstoðað, eða foreldrarnir eru svo önnunum kafnir að gæðastundirnar glatast, á kostnað togstreitunnar sem fylgt getur heimalærdómi. Úrræði af



Það er alltaf nóg um að vera í barna- og unglingastarfi Hjálpræðishersins.

þessu tagi getur því bersýnilega haft veruleg áhrif á velferð fjölda barna og fjölskyldna þeirra.

Starfinu sinna sjálfbóðaliðar á öllum aldri, margir kennaramenntaðir og jafnvel komnir á eftirlaun. Þá er stefnt að samstarfi við Háskóla Íslands, þar sem háskólanemendur koma að verkefninu.

Þessi þjónusta hefur til dæmis

» Markmiðið er að koma til móts við fjölskyldur með börn sem eru á grunnskólaaldri og létta undir álaginu sem fylgir gjarnan hversdagslífinu og ekki síst hinum alræmda úlfatíma.

reynst afar vel í Breiðholti þar sem margir íbúar eru af erlendum uppruna og foreldrar oft með takmarkaða íslenskukunnáttu. Herinn leggur ríka áherslu á að veita þessum hópi sérstakan stuðning, en það getur verið snúið fyrir erlenda foreldra að hjálpa til með íslenskt heimanám.

Föndur og fermingar

Annað framtak sem hefur hlotið góðar undirtektir er hin svokallaða „Messy Church“ eða föndurkirkja, sem er einu sinni í mánuði og er hugsuð fyrir alla fjölskylduna að koma og gera eitthvað saman. Þar er lesin Biblíusaga og svo föndrað út frá henni á skapandi og fræðandi hátt. Að lokum er boðið upp á máltíð.

Þá er einnig hægt að fermast í Hjálpræðishernum, en þar er boðið upp á fermingarfræðslu sem er sambærileg þeirri sem fram fer í



Það hefur reynst afar vel að bjóða upp á heita máltíð í barnastarfi Hjálpræðishersins.

Hvað er Hjálpræðisherinn fyrir þér?

Hér deila fjórir einstaklingar sinni upplifun af því að taka þátt í barna- og unglingastarfi Hjálpræðishersins.

Aníta, móðir sem á börn í starfinu:

„Hjálpræðisherinn er staður þar sem hefur skapað tækifæri til að eiga gæðastundir með fjölskyldunni, kynnast fjölbreyttu fólki í samfélaginu og láta gott af sér leiða á sama tíma.“



Fatima, þátttakandi í unglingastarfi:

„Það er staður þar sem ég og vinir mínir hittast eftir hljómsveitararæfingu hjá mér. Við spilum, syngjum, gerum TikTok, horfum á bíómyndir og leikum okkur saman. Linda Björk, Didda, Almar, Hjördis, Valborg, Viktoria og Andrea eru ótrúlega skemmtileg og bjóða alla velkomna.“




Almar Ingi, leiðtogi í BUH:

„Fyrir mér er Hjálpræðisherinn seinna heimilið mitt. Staður sem er ávallt til staðar, sama hvað er í gangi hjá manni. Mjög þakklátur að hafa á sínum tíma mætt í sunnudagaskóla og hef verið í Hjálpræðishernum síðan. Hjálpræðisherinn er og verður alltaf hluti af mér og staður sem hefur hjálpað mér að vaxa sem manneskja.“



Viktor, þátttakandi í unglingastarfi:

„Hjálpræðisherinn er frábær staður sem ég og vinir mínir förum á. Þar er geggjaður matur og manni liður æðislega vel, alltaf fullt að gera, alls konar leikir og margt annað. Starfsfólkið er yndislegt og tekur alltaf vel á móti manni, svoltið eins og stór systkini. Ég hlakka til allra miðvikudaga, því þá veit ég að það er Hjálpræðisherinn.“



til dæmis Þjóðkirkjunni. Á haustin fara svo fermingarbörnin í ferð til Noregs í viku, en Hjálpræðisherinn á Íslandi tilheyrir sama umdæmi og Hjálpræðisherinn í Noregi og Færeyjum. Á haustin hefjast svo foreldramorgnir ásamt viðburðum af ýmsu tagi.

Í barna- og unglingastarfinu eru öll börn velkomin og eru mörg dæmi þess að börn sem finni sig ekki í annars konar tómstundum, íþróttum eða félagsmiðstöðvum, finni sig loks þar. Í starfinu fá börn

óskipta athygli ásamt því að fá að vera þau sjálf, hitta vini sína, leika eða slappa af, en stundum bjóða fjölskylduaðstæður því miður ekki upp á það.

Barna- og unglingastarf Hjálpræðishersins er starfrækt í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ, en í Reykjanesbæ mun Hjálpræðisherinn hefja samstarf við KFUM og KFUK um unglingastarf á Ásbrú. Nálgaðast má frekari upplýsingar og dagskrá á heimasíðu Hjálpræðishersins, herinn.is.

Sjálfbóðaliðar óskast!

Ýmis verkefni.



Velferðarstarf
Barna- og unglingastarf
Hertex, fata- og nytjamarkaður

Sjálfbóðaliðanámskeið

Reykjanesbæ, Flugvallarbraut 730:
22. sept. kl. 18:30 (á íslensku)
Reykjavík, Suðurlandsbraut 72:
24. sept. kl. 18:30 (á íslensku)
29. sept. kl. 18:30 (á ensku)



Við óskum Hjálpræðishernum innilega til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði

Herinn er fjölskyldan mín

Snyrtifræðingurinn Bergdís Jónsdóttir er öflugur sjálfboðaliði í Hjálpræðishernum í Reykjavík. Hún heldur utan um starf 60 ára og eldri í Reykjavík og segir alla standa jafnfætis í Hernum.

Mig langaði að vera með í sjálfboðaliðastarfi Hersins eftir að hafa tekið þátt í Bibliunámskeiði með manningum mínum og eitt leiddi af öðru. Ég hef síðan tekið þátt í aðfangadagskvöldi Hersins og ýmsu fleiru sem fellur undir sjálfboðastarf, en það er aldrei kvöð né skylda. Ef ég er kölluð til geng ég til starfa með glöðu geði og það gefur mér heilmikið,” segir Bergdís, sem margir muna úr fréttum fyrri ára þegar hún gaf útígangsfólki fría fotsnyrtingu um árabíl.

Bergdís sér nú um starf 60 ára og eldri í Reykjavíkurflokki Hersins ásamt Áslaugu Haugland. Áætlað er að haust- og vetrarstarfið fari af stað um næstu mánaðamót og það verður á miðvikudögum klukkan 14.

„Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í skemmtilega og upplifgandi samveru, hvort sem þeir eru 60 ára, eldri eða yngri. Þar getur fólk átt gæðastund saman. Við förum með hugvekju, syngjum saman hvert með sínu nefi, upp-hátt eða í huganum, lesum sögur sem vekja upp gamlar minningar og tölum um gamla daga á eftir. Það vekur iðulega upp kátinu og alltaf rifjast eitthvað upp sem hægt er að hafa gaman af,” segir Bergdís.

Hún segir stemninguna léttu og skemmtilega og mikið sé hlegið og skrafað saman.

„Sumir koma með handavinnu með sér og allir njóta þess að hittast og vera saman, hvaðan sem þeir koma úr þjóðfélagsstiganum. Við bjóðum gestum til okkar í hverjum mánuði, hlustum á hvað þeir hafa fram að færa og fáum



Bergdís Jónsdóttir er sjálfboðaliði hjá Hernum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

William Booth sagði: Af hverju skyldi skráttinn fá það besta? og breytti vinsælum lögum í trúarlög.

okkur ávallt kaffi og með því. Svo byrjum við og endum samveruna á ljúfri bæn,” segir Bergdís, sem hlakkar mikið til samfunda við þá sem sækja í samveruna í haust.

„Þetta hlé vegna kórónaveirunnar er orðið gott og okkur langar að hittast sem fyrst. Við biðum þess að nýja húsið verði tilbúið, en hægt verður að fylgjast með dagskrá vetrarins á vefnum okkar, herinn.is.“

Kærleiksrikt andrúmsloft

Bergdís bendir á annað stórskemmtilegt starf innan Hersins, en það er samvera fyrir konur sem kallast Heimilasambandið í umsjón Áslaugar Haugland og Katrínar Eyjólfsdóttur. Heimilasambandið er á dagskrá á mánuðögum klukkan 15.

„Heimilasambandið er einn af elstu saumaklúbbum landsins og hefur verið starfrækt hér á landi í heila öld. Það var stofnað af hershöfðingjanum William Booth, sem stofnaði Hjálpræðisherinn á Englandi. Honum fannst að konur sem bundnar voru yfir börnum og buru inni á heimilunum þyrftu meira andrými og gæðastundir með öðrum konum úr öðrum söfnuðum hvaðanæva úr þjóðfélaginu. Karlar og krakkar fengu ekki að vera með, bara brjóstmylkingar,”

upplýsir Bergdís um langlíft Heimilasamband Williams Booth, sem var langt á undan sinni samtíð þegar kom að kvenréttindum.

„Heimilasambandið er vinsælt hjá Hernum og svo gamalt, skemmtilegt og rótgróið. Við erum með fræðslufundi fyrir konurnar okkar, gestakomur, söng og fleira, og þær fara saman í skemmtiferð á vorin. Alltaf er slegið á léttu strengi, fengið sér kaffi á eftir og mikið spjallað í kærkomnu andrými frá öllu saman.“

Eiginmaður Bergdísar hafði verið rafvirki hjá Hjálpræðishernum í tuttugu ár, þegar þau hjónin fóru að sækja samkomur hjá Hernum.

„Það er svo gott að vera í Hernum. Andrúmsloftið er kærleiksrikt og þar eru allir jafnir. Því tók ég fyrst eftir þegar ég gekk til liðs við Herinn. Þar eru allir velkomnir, hvernig sem þeir eru klæddir eða hvaðan sem þeir koma,” segir Bergdís, sem finnst bæði gefandi og góð tilbreyting í lífinu að sinna sjálfboðastarfi innan Hersins.

„Svo er ég náttúrliga yfir mig hrifin af gömlu herlögnum, eins og vaggandi valsí. William Booth sagði: „Af hverju skyldi skráttinn fá allt það besta?“ og breytti skemmtilegum lögum þess tíma í dillandi, fjörug trúarlög. Þetta var létt og skemmtilegt og þannig er það enn í dag. Tónlistin gefur mér mikið og trúarandinn: ég myndi ekki vilja breyta því. Herinn er eins og fjölskyldan mín.“

Allar nánari upplýsingar um Hjálpræðisherinn má finna á herinn.is

Gott að geta hughreyst fólk

Sigrún Guðmarsdóttir, kölluð Sidda, hefur verið sjálfboðaliði hjá Hertex, nytjamarkaðskeðju Hjálpræðishersins, í um áratug. Þar starfar samheldinn hópur sem veitir mörgum stuðning.

Hertex er nytjamarkaðskeðja Hjálpræðishersins á Íslandi, sem veitir starfi hans mikinn fjárhagslegan styrk. Sigrún Guðmarsdóttir, kölluð Sidda, er öryrki sem hefur verið sjálfboðaliði hjá Hertex í um áratug og hún segist fá mikið út úr starfinu, bæði því henni finnst gott að hafa eitthvað fyrir stafni og vegna þess að hún nýtur félagskapparins.

„Ég kynntist þessari starfsemi í gegnum fyrrverandi tengdamóður mína, sem manaði mig til að koma með sér,” segir Sigrún. „Ég var með henni í þessu í einhverja mánuði og fór svo að hafa áhuga á kristilega hlutanum af starfsemi Hjálpræðishersins og mæta á samkomur og kynna mér aðra hluta starfseminnar. Það var æðislegt og mér fannst ég öll einhvern veginn lifna við. Þetta var akkúrat það sem ég þurfti.“

Samheldinn hópur

Sigrún segir að starfsemin sé afslöppuð. „Við stelpurnar sem höfum verið saman í þessu í nokkur ár mætum í Hjálpræðishershúsið á Flugvallarbraut um kl. 10 og fáum okkur kaffi og spjöllum áður en við græjum það sem þarf. Við erum alltaf á haus við það að flokka fötin frá gamnunum okkar og setja upp pop-up búðina okkar, en við reynum að hafa hana annan hvern laugardag. Það er nokkur vinna sem fylgir því að finna föt í búðina, raða og ganga frá.

Ég gæti ekki verið heima alla daga og stelpurnar eru svo skemmtilegar, við hlæjum mikið saman og þetta er samheldinn hópur,” segir Sigrún. „Við erum líka með þrónaklúbb og komum saman einu sinni í viku og í vetur þegar ekkert var opið vegna



Sigrún segir að starfsemin hjá Hertex sé afslöppuð og þar starfi skemmtilegur og samheldinn hópur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

heimsfaraldursins héldum við meira að segja áfram að hittast og sátum saman með tveggja metra bíl á milli okkar og hekludum, þrjónuðum og spjölluðum.

Ég sé líka að þetta gerir mikið gagn og það er gott að sjá. Það er fastur liður í samfélaginu að vera með svona verslun sem selur notaðar vörur og margir njóta góðs af,” segir Sigrún. „Það sem mér finnst líklega mest gefandi er að vera með fólki og spjalla við það. Það eru margir sem koma til okkar sem þurfa að spjalla og fá smá hughreystingu og mér þykir voða gott að sinna þessu hlutverki.“

Sigrún segir að það vanti líka fleiri sjálfboðaliða. „Já, alveg hreint helling, ég hvet fólk til að hafa samband við Hjálpræðisherinn og taka þátt í þessu með okkur!“

Bók full af falletum hlutum

„Í ástandinu sem er núna skiptir miklu máli að hafa sterkan huga. Dóttir mín gaf mér tréð bók með blöðum sem hún gerði í skólanum og ég hét mér að skrifa bara fallega hluti í hana,” segir Sigrún. „Það hefur stundum verið bras að finna eitthvað fallett til að skrifa, en þetta hefur haldið mér gangandi. Ég les þetta aftur og aftur og stelpurnar biðja líka stundum um að fá að heyra eitthvað úr henni, enda veitir ekki af öllu sem hughreystir núna. Mig langar að enda á stuttri bæn frá frumbyggjum í Bandaríkjunum, sem hughreystir mig:

Megi hjarta þitt vera létt sem ský, megileði þín vera meiri en allur himinn, megidraumar þínir skína skærar en öll heimsins fegurstu blóm.



Lekur.is

ÞAKPAPPASALA & ÞAKLAGNIR

Tökum að okkur stór og smá verkefni, allt frá litlum svölum til stórra verkefna eins og nýja Herkastalann.

Efnið flytjum við inn og seljum á sanngjörnu verði. Vönduð og traust vinnubrögð og 13 ára reynsla í faginu.